

Skýrsla

Velferðar og jafnréttisnefnd 2014-2018

Skipað var í nefndina að hausti 2015 og erindisbréf henni sent.

Aðalmenn:

Kristjana H. Gestsdóttir F-lista form.

Oddur G. Bjarnason O-lista

Bergljót Þorsteinsdóttir O-lista

Varamenn:

Jóhannes Eggertsson, O-listi

Anna Þórný Sigfúsdóttir, O-listi

Kjartan Halldór Ágústsson, F-listi

Haldnir voru tveir fundir. Árin 2015 og 2016.

Því miður náðist ekki að fá nefndarmenn til að mæta á fleiri fundi.

Jafnréttistefna 2014-2018 var unnin í samráði við Jafnréttisstofu og hún samþykkt í sveitarstjórn á vordögum 2016.

Nefndin rýndi kynjahlutfall í öllum launuðum störfum sveitarfélagsins sem var þann 05.04.2016 30% karlar og 70% konur og taldi nefndin að sveitarstjórn mætti horfa til þess þegar ráðið væri í stöður framvegis.

Einnig skoraði nefndin á sveitarstjórn að sjá til þess að helstu stofnanir sveitarfélagsins væru aðgengilegar fötluðum jafnt sem ófötluðum.

Formaður rýndi kynjahlutfall í öllum launuðum störfum sveitarfélagsins í lok kjörtímabilsins.

Skeiða- og Gnúpuverjahreppur greiðir 35% körlum og 65% konum laun í apríl 2018. Hlutfallið hefur batnað eða um 5% á þessu tveggja ára tímabili.

Einnig rýndi formaður í kynjahlutfall þeirra lista er buðu fram til sveitarstjórnarkosninga 2018.

Í heildina voru hlutföllin 50% konur 50% karlar og getur það ekki betra verið en skiptist þó misjafnlega á milli listanna.

A-listi með 40% konur - 60% karla - Afl til uppbyggingar

O-listi með 20% konur - 80% karla - Okkar sveit

G-listi með 90% konur - 10 % karla - Gróska

Með góðu kveðju.



Kristjana Heyden Gestsdóttir. form.